

# Ársskýrsla 2011

AUÐHUMLA

AUÐHUMLA

## Efnisyfirlit


Ávarp stjórnarformanns ..... 2
Skýrsla forstjóra ..... 3
Fulltrúar deilda ..... 4
Stjórn Auðhumlu ..... 5
Verðlaunahafar ..... 6
Mjólkursamsalan ehf. ..... 7
Tölulegar upplýsingar ..... 8
Ársreikningur samstæðu 2011 ..... 11
Áritun óháðra endurskoðenda ..... 13
Skýrsla stjórnar ..... 14
Rekstrarreikningur ársins 2011 ..... 15
Efnahagsreikningur ..... 16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011 ..... 18
Skýringar ..... 19





Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar ehf.
Ljósmyndir: Þorsteinn Jónsson, Sveinbjörn Jónsson
Ljósmynd af stjórnarformanni: Kristján Maack
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Kristján Pétur Guðnason
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Guðmundur Geir Gunnarsson og Sigurður Rúnar Friðjónsson
Prentun: Prentmet

# Ávarp stjórnarformanns

## Egill Sigurðsson



### Festa í starfsemi

Árið 2011 varð 234 milljóna króna hagnaður af starfsemi Auðhumlu svf. en árið 2010 varð hagnaður að fjárhæð 114 milljónir króna. Þessi niðurstaða endurspeglar þann árangur sem orðið hefur í rekstri Mjólkursamsölunnar, dótturfélags Auðhumlu, eftir sameiningu fyrirtækja í mjólkuriðnaði og endurskipulagningu starfseminnar sem hófst fyrir alvöru árið 2008. Dótturfélag Auðhumlu, Mjólkursamsalan, skilaði 199 milljóna króna hagnaði en 294 milljóna króna hagnaði árið 2010.

Fjárfestingar Auðhumlu á árinu umfram seldar eignir voru 539 milljónir króna og þar er fyrst og fremst um að ræða fjárfestingar í flutningatækjum og framleiðslutækjum í mjólkuriðnaði. Heildareignir félagsins í árslok nema 11.886 milljónum króna og er eiginfjárhlutfallið 55,9%.

Meginhlutverk Auðhumlu er þríþætt. Í fyrsta lagi að selja á innlendum og erlendum markaði hámarksmagn mjólkur frá bændum. Í öðru lagi að tryggja hámarksskilaverð fyrir framleiðsluna. Þriðji megináhersluþáttur í starfsemi Auðhumlu er að tryggja öllum bændum, hvar sem þeir búa, jafna aðstöðu til að koma framleiðslu sinni á markað. Það gerir félagið með því að jafna flutningskostnað þeirra innbyrðis. Þetta síðasttalda er sennilega mikilvægasta byggðaaðgerð sem eitt fyrirtæki stendur að. Auðhumla skuldbindur sig til að þjóna framleiðendum fyrir sama verð hvar í sveit sem þeir eru settir.

Gífurlegar verðhækkanir hafa orðið á aðföngum til búrekstrar frá því að Auðhumla var sett á laggirnar í núverandi mynd. Þetta hefur eðlilega leitt til verðhækkana á mjólk frá bændum töluvert umfram hækkun neysluvísitölu í landinu. Auðhumla og Mjólkursamsalan hafa tryggt að þetta leiddi ekki til óbærilegra verðhækkana á neytendamarkaði með því að ganga rösklega til þess að lækka söfnunar-, vinnslu- og dreifikostnað. Árlegur kostnaður vegna þessara þátta á verðlagi 2011 er nú um tveimur milljörðum króna lægri en árið 2007. Fyrir vikið hefur afurðaverð þróast nokkurn veginn í takt við neysluvísitöluna. Án þessarar hagræðingar hefðu verðhækkanir á markaði þurft að vera mun meiri en raun ber vitni. Það hefði líklega dregið umtalsvert úr sölu sem hefði svo aftur skert greiðslumark svo um munaði.

Auðhumla og Mjólkursamsalan eru í samfélagslegri eigu kúabænda. Mjólkurframleiðsla þeirra og vinnsla býr við sérstaka lagalega umgjörð. Fyrirtækjum í mjólkuriðnaði er heimilt að vinna saman og ganga til sameiningar án opinberrar íhlutunar. Þetta er heimilað í ljósi þess að verðlagningu í mjólkuriðnaði er stýrt í gegnum opið ferli og með virkri þátttöku fulltrúa neytenda. Þetta sérstaka fyrirkomulag hefur tryggt neytendum mikið úrval mjólkurvara á hóflegu verði og í raun skapað jafnvægi á markaðnum þar sem neytendur hafa ekki þurft að taka á sig nema að hluta þær gífurlegu kostnaðarhækkanir sem orðið hafa á aðföngum mjólkurframleiðslunnar. Fyrirkomulagið hefur jafnframt tryggt hagsmuni framleiðenda og jafnað stöðu þeirra innbyrðis. Loks hefur þetta fyrirkomulag stuðlað að samkeppni í smásöluverslun því það hefur forðað því að stórar smásölukeðjur gætu knúið fram allt önnur viðskiptakjör en minni aðilum bjóðast. Mjólkurvörur hafa í raun jafnað aðstöðu á öllum stigum virðiskeðjunnar vegna þess sérstaka fyrirkomulags sem ríkir um framleiðslu þeirra og verðlagningu.

Mjólkursamsalan, dótturfélag Auðhumlu, rekur nú fimm vinnslustöðvar og Kaupfélag Skagfirðinga, meðeigandi Auðhumlu í rekstri Mjólkursamsölunnar, rekur eina. Árið 1987 var mjólk vigtuð inn í 17 vinnslustöðvar hringinn í kringum landið. Með batnandi vegakerfi, vegaþjónustu og öflugri tækjabúnaði var unnt að ná fram hagræðingu í mjólkuriðnaði sem hefur sannarlega skilað sér til neytenda og þannig treyst stöðu innlendrar framleiðslu á markaði.

Á árinu 2011 voru mjólkurvörur í tvígang hækkaðar í verði, fyrst um 2,25% og svo um 4,25%. Í febrúar fór verðhækkunin öll til bænda en í ágúst var henni skipt milli bænda og vinnslunnar. Þá voru um tvö ár liðin frá því að vinnslan fékk heimild til verðhækkana. Það þjónar ekki verðlagskerfinu né starfseminni, sem það er hluti af, að svo langur tími líði milli verðbreytinga.

Auðhumla svf. heldur áfram á þeirri braut sem mörkuð var við upphaf starfseminnar árið 2007. Félagið mun áfram nýta þá hagræðingarkosti sem í boði eru í mjólkurvinnslu og flutningum með hagsmuni neytenda og bænda í huga. Félagið hefur þegar mótað hugmyndir um næstu skref sem bæði varða söfnunar- og dreifikerfið og skipulagningu í vinnslunni. Þessi vinna skiptir afar miklu máli nú þegar fyrir liggja stór fjárfestingaverkefni sem ráðist verður í á næstu misserum. Þau tengjast ostaframleiðslu, neyslumjólkurpökkun og pökkun sýrðra vara. Þessi fjárfestingaverkefni miða að því að bæta enn vörugæði og bjóða handhægari umbúðir. Aukin hagkvæmni í rekstri og meiri framleiðni er forsenda þessara fjárfestinga.

Opninberar tölur benda til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna einstaklinga hafi dregist saman um liðlega fjórðung frá því fyrir hrunið. Þetta hefur komið fram með margvísilegum hætti í matvörusölu. Vísitala dagvöru, sem mælir magn seldra vara í matvörubúðum, er nú um 6% lægri en árið 2007. Það bendir til þess að innkaup á hvern Íslending hafi minnkað um 8%. Sala á kjöti á hvert mannsbarn hefur minnkað um 9% frá 2007. Mjólkurpróteinsala að viðbættum mysupróteinum hefur dregist mun minna saman, eða um 3% á mann frá 2007, og sala á mjólkurfitu hefur aukist. Flest bendir til þess að mjólkurvörur hafi þannig aukið markaðshlutdeild í þessu erfiða efnahagsástandi. Það er árangur af hagræðingu í greininni sem hefur haldið verðhækkunum í skefjum og það er einnig árangur af markvissu markaðs- og sölustarfi.

Matvöruframleiðsla og öruggt aðgengi að matvöru er grundvallarþáttur samfélagsmyndarinnar. Fólksfjöldaþróun í heiminum og breyttir neysluhættir benda eindregið til þess að á næstu árum og áratugum þurfi öll ríki heims og taka skýra afstöðu til þess að hvaða marki þau ætla að tryggja eigin fæðuframleiðslu og að hvaða marki þau ætla að reiða sig á innflutning. Því miður hefur slík umræða vart hafist hér á landi og einstaka skammsýnir menn fremur rætt um matvælaframleiðslu sem byrði en nauðsyn eða uppsprettu tækifæra. Þrátt fyrir nokkra óvissu um hvernig heimurinn ætlar að brauðfæða fjórðungi fleiri íbúa innan þriggja áratuga geta íslenskir kúabændur átt von á því á næstu árum að mæta samkeppni frá innflutningi. Það myndi ógna afkomu og hagkvæmni í rekstri kúabúa og vinnslustöðva bænda. Því er mikilvægt að Auðhumla og Mjólkursamsalan haldi áfram að hagræða í rekstri og hugi jafnframt að nýjum möguleikum til útflutnings. Undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á að auka útflutning á skyri sem er arðbærasta afurð félagsins í útflutningi um þessar mundir. Nú þegar hefur félagið fullnýtt kvóta til skyrútflutnings til Evrópusambandsins og þess er freistað að auka sölu í Bandaríkjunum. Fleiri kostir verða skoðaðir á næstu misserum. Markmiðið er að auka hagkvæmni kúabúa og vinnslufyrirtækja sem aftur leiðir til þess að unnt verður að bjóða hér heima lægra vöruverð en ella.

Ég þakka viðskiptavinum fyrir viðskiptin á liðnu ári og það traust sem þeir hafa sýnt íslenskum bændum og fyrirtækjum þeirra. Ég þakka starfsfólki Mjólkursamsölunnar og Auðhumlu fyrir kraftmikið og gott starf á árinu. Loks þakka ég bændum, eigendum fyrirtækjanna, fyrir öflugt samstarf um rekstur þeirra og það traust sem þeir hafa sýnt fulltrúum sínum og stjórn.

# Skýrsla forstjóra

Einar Sigurðsson



**Góður áfangi á lengri leið**

Festa er komin á í starfsemi Auðhumlu svf. og dótturfélagsins Mjólkursamsölunnar ehf. eftir endurskipulagningu sem hófst á fyrstu árum starfseminnar. Árið 2011 varð 234 milljóna króna hagnaður af starfsemi Auðhumlu sem er grundvallaður á 199 milljóna króna hagnaði Mjólkursamsölunnar. Hagnaður Auðhumlu fyrir afskriftir og fjármagnsliði varð 978 milljónir króna en var 956 milljónir króna árið áður. Hagnaður fyrir skatta nam 294 milljónum króna, sem er um 142 milljónum króna betri niðurstaða en á fyrra ári. Hagnaður er liðlega 1% af veltu og svigrúm fyrirtækisins til að mæta áföllum á markaði er því takmarkað og mikilvægt að halda áfram að styrkja afkomuna.

Mjólkursamsalan, langmikilvægasta eining í starfsemi Auðhumlu árið 2011, skilaði EBITDA hagnaði af starfseminni að fjárhæð 743 milljónir króna. Þetta er heldur lakari afkoma en árið áður, EBITDA lækkar um 59 milljónir króna milli ára. Hagnaður fyrir skatta lækkar um 94 milljónir króna og heildarafkoma er 94 milljónum króna lakari en árið 2010. Hlutdeild framleiðenda, sem eru í senn eigendur og helstu birgjar, í heildartekjum félagsins óx á árinu um sem nemur 95 milljónum króna.

Áætlanir ársins 2012 gera ráð fyrir að afkoman verði á svipuðum nótum og 2011. Félagið leggur mikið kapp á að bæta rekstrarstöðuna með hagræðingaraðgerðum á öllum sviðum og sókn á markað með nýjar framleiðsluvörur.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að endurskoðun á rekstrarkostnaði í Mjólkursamsölunni og leitað sparnaðarleiða. Fyrirtæki í greininni hafa runnið saman og gert með sér samstarfssamninga í samræmi við búvörulög sem kveða einnig á um fyrirkomulag verðlagningar mjólkurvara. Sölu- og markaðsstarf hefur verið straumlínulagað, vinnslustöðvum hefur verið fækkað og starfsemi þeirra einfölduð og gerð meira sérhæfð. Undanfarin tvö ár hefur verið hafist handa um einföldun flutningakerfa. Þess sáust merki í reikningum félagsins 2010 og 2011 og hagræðingin kemur að fullu fram á árinu 2012. Þá er gert ráð fyrir að einföldun flutningakerfisins hafi leitt til að minnsta kosti 200 milljóna króna árlegrar hagræðingar.

Árið 2011 hækkaði hráefnisverð til vinnslunnar tvisvar, fyrst 1. febrúar um 3,25 kr. á lítra og svo aftur 1. júlí um 3,25 kr. á lítra, eða um samtals 9,1%. Í bæði skiptin fylgdu heimildir til verðhækkana á markaði en í júlí fékk félagið í fyrsta sinn í tvö ár heimild til að hækka verð vegna kostnaðarhækkana vinnslunnar. Rekstrartekjur á markaði hækkuðu í heild um 8,2%. Hráefniskostnaður sem hlutfall af veltu eigin framleiðslu eykst um 0,6 prósentustig. Hlutdeild bænda í markaðstekjum hefur vaxið sem þessu nemur. Félagið mætti þessu með áframhaldandi hagræðingu í rekstri. Aðrir kostnaðarliðir hækkuðu einnig og þar ber hæst áhrif kjarasamninga, áhrif gengisþróunar á kostnað af umbúðum og innfluttu hráefni og áhrif af hækkun olíu og orkukostnaðar.

Tekjumyndun Mjólkursamsölunnar hefur verið sterk, einkum í ljósi þess að almennur samdráttur hefur orðið í dagvöruverslun síðustu misseri, skattar hækkað, kaupmáttur minnkað og hagvöxtur er lítill. Tekjur árið 2011 voru 19.441 milljónir króna og höfðu hækkað um 8,2% milli ára.

Áætlanir félagsins gera ekki ráð fyrir miklum breytingum til batnaðar í kostnaðarumhverfi á árinu 2012. Rekstrarkostnaður Mjólkursamsölunnar er óvenju „fastur" til skemmri tíma a.m.k. Greiðslumarksákvörðun stjórnvalda fastsetur mjólkurframleiðslu ársins 12 mánuði fram í tímann. Það ásamt ákvörðunum verðlagsnefndar festir til sama tíma hráefniskostnað MS sem er 51% rekstrarkostnaðar. Mjólkurmagnið stýrir loks kostnaði við umbúðir og íblöndunarefni sem er 20% kostnaðar. Innan ársins er því um 70% kostnaðar fastur. Mjólkurmagnið hefur síðan vitaskuld áhrif á fjölmarga aðra kostnaðarliði og það er því óhætt að segja að innan ársins séu þau 30% kostnaðar, sem eftir eru, a.m.k. hálf-föst. Því er ljóst að verði umtalsverðar breytingar á markaðsumhverfi í mjólkuriðnaði þarf félagið að grípa hratt til róttækra breytinga til að ná tökum á kostnaði við nýjar aðstæður.

Það er mat stjórnenda félagsins að Mjólkursamsalan, dótturfélag Auðhumlu og langmikilvægasta rekstrareining samstæðunnar, þurfi til lengri tíma að skila að minnsta kosti 900 milljónum króna í rekstrarafkomu fyrir fjármagnskostnað og afskriftir (EBITDA) á ári og að hagnaður eftir skatta verði a.m.k. 400 - 500 milljónir króna. Þetta þarf til þess að félagið geti endurnýjað sig með eðlilegum hætti, lagt stund á öfluga vöruþróun og til þess að það geti mætt óhjákvæmilegum sveiflum í starfsumhverfi sínu. Það er besta trygging bænda fyrir því að fyrirtæki þeirra geti til lengri tíma staðið við markmið um að selja hámarksmagn mjólkur á viðunandi verði.

Auðhumla og Mjólkursamsalan starfa fyrst og fremst á innanlandsmarkaði sem skapar félaginu 96% tekna. Langmikilvægustu vöruflokkar í starfseminni frá sjónarhóli framleiðenda eru drykkjarmjólk og ostar. Samanlagt fara um 85% greiðslumarksframleiðslu bænda í þessa tvo flokka. Þróun þeirra hefur verið með nokkuð ólíkum hætti. Stöðugur vöxtur hefur verið í ostaneyslu undanfarna áratugi með neyslubreytingum innanlands. Síðustu árin hefur mestur vöxtur verið í sölu alls kyns rifosta. Á sama tíma hefur verið hægur en stöðugur samdráttur í drykkjarmjólkursölu. Á næstu misserum mun félagið leggja áherslu á vöru- og umbúðaþróun í báðum þessum flokkum með það fyrir augum að verja stöðu mjólkurafurða á innanlandsmarkaði í samkeppni við aðrar matvörutegundir. Liður í því er umbúðabreyting drykkjarmjólkur. Frá næsta ári er ráðgert að öll mjólk verði seld í umbúðum með tappa til hægðarauka fyrir neytendur. Nú þegar hafa tvær nýjar vörutegundir verið settar á markað í þessum umbúðum, það er d-vítamínbætt Fjörmjólk og d-vítamínbætt Léttmjólk. Samhliða umbúðabreytingum verður áhersla lögð á þróun nýrra mjólkurdrykkja í handhægum umbúðum.

Um 4% af tekjum Mjólkursamsölunnar koma af útflutningi á umframmjólk. Mest er flutt út í formi undanrennudufts og smjörs til matvælagerðar. Félagið hefur lagt áherslu á að auka skyrútflutning á kostnað dufts. Á þessu ári verður fullnýttur 380 tonna útflutningskvóti fyrir skyr til Evrópusambandsins með útflutningi til Finnlands. Félagið leitast við að auka útflutning til Bandaríkjanna með því að opna nýjar dreifileiðir vestra. Svigrúm er til að sexfalda skyrútflutning frá því sem var árið 2011 miðað við óbreytta framleiðslu á umframmjólk.

Árið 2011 endurnýjaði Mjólkursamsalan sérleyfissamning við Q meierier um skyrframleiðslu fyrir markað í Noregi og Svíþjóð. Þessi samningur gefur félaginu mikilvægar tekjur í aðra hönd og skiptir miklu nú þegar kvóti fyrir skyrútflutning til Evrópusambandslanda er fullnýttur. Með honum fá Mjólkursamsalan og Auðhumla stærri hlutdeild í evrópskum mjólkurmarkaði en ella.

Starfsemi Auðhumlu, fyrir utan umsjón með daglegri starfsemi Mjólkursamsölunnar, er fyrst og fremst samskipti við framleiðendur og umsýsla eigna. Annars vegar eru það eignir leigðar til MS og hins vegar eignir sem áður tengdust starfsemi mjólkuriðnaðarins. Á árinu 2011 var gengið frá samningi um útleigu húsnæðis að Bitruhálsi 2 sem áður hýsti Osta- og smjörsöluna.

**Horfur á árinu 2012**

Í rekstraráætlunum Auðhumlu og Mjólkursamsölunnar fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir að afurðasalan verði með svipuðum hætti og á fyrra ári og að þrátt fyrir ýmsar kostnaðarhækkanir verði afkoman með svipuðum hætti og árið 2011. Það byggir á því að áfram verði unnið að hagræðingu í vinnslunni og lækkun flutningskostnaðar frá bændum, milli mjólkurbúa og til dreifingar í smásölu.

Ég þakka stjórn félagsins, félagsmönnum og öllu samstarfsfólki fyrir traust og gott samstarf.

# Fulltrúar deilda Auðhumlu

á aðalfundi 13. apríl 2012

**Austurlandsdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Gunnar Jónsson | Egilsstöðum |
| | Halldór Sigurðsson | Hjartarstöðum 1 |
| | Jón Steinar Elísson | Hallfreðarstöðum 2 |
| Varafulltr.: | Jóhann G. Jóhannsson | Breiðavaði |
| | Halldóra Andrésdóttir | Engihlíð |

**Austur-Skaftafellsdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Steinþór Torfason | Hala |
| | Sæmundur Jón Jónsson | Árbæ |
| Varafulltr.: | Eiríkur Egilsson | Seljavöllum |
| | Gunnar Helgason | Stóra-Bóli |

**Skaftárdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Ólafur Helgason | Hraunkoti |
| | Jóhannes Gissurarson | Herjólfsstöðum |
| | Kjartan Magnússon | Fagurhlíð |
| Varafulltr.: | Jón Jónsson | Prestsbakka |
| | Þórarinn Bjarnason | Þykkvabæ |

**Mýrdalsdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Sigurjón Eyjólfsson | Pétursey I |
| Varafulltr.: | Gunnar Valgeirsson | Norður-Fossi |

**Eyjafjalladeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Ármann Fannar Magnússon | Hrútafelli |
| | Sigurjón Sigurðsson | Efstu-Grund |
| Varafulltr.: | Ásgeir Árnason | Stóru-Mörk |
| | Ragnar Lárusson | Stóradal |

**Landeyjadeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Haraldur Konráðsson | Búðarhóli |
| | Sævar Einarsson | Stíflu |
| | Jóhann Nikulásson | Stóru-Hildisey II |
| Varafulltr.: | Karel Geir Sverrisson | Seli |
| | Pétur Guðmundsson | Stóru-Hildisey I |
| | Örvar Arason | Akurey |

**Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Eggert Pálsson | Kirkjulæk |
| | Þórir Jónsson | Selalæk |
| Varafulltr.: | Ari Árnason | Helluvaði |
| | Bjarni Jónsson | Selalæk |

**Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Sigurjón Hjaltason | Raftholti |
| | Hannes Ólafsson | Austvaðsholti |
| Varafulltr.: | Kristinn Guðnason | Þverlæk |
| | Ágúst Sæmundsson | Bjólu |

**Uppsveitadeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jórunn Svavarsdóttir | Drumboddsstöðum |
| | Páll Jóhannsson | Núpstúni |
| | Eiríkur Jónsson | Gýgjarhólskoti I |
| | Jón Viðar Finnsson | Dalbæ I |
| | Sveinn Ingvarsson | Reykjahlíð |
| | Sigríður Jónsdóttir | Fossi |
| Varafulltr.: | Haukur Haraldsson | Stóru-Mástungu |
| | Ásmundur Lárusson | Norðurgarði |
| | Gunnar Sverrisson | Hrosshaga |
| | Guðmundur Sigurðsson | Vatnsleysu |
| | Samúel U. Eyjólfsson | Bryðjuholti |

**Flóa- og Ölfuseild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | María Hauksdóttir | Geirakoti |
| | Björn Harðarsson | Holti |
| | Aðalsteinn Sveinsson | Kolsholti |
| | Valdimar Guðjónsson | Gaulverjabæ |
| Varafulltr.: | Stefán Geirsson | Gerðum |
| | Geir Ágústsson | Gerðum |
| | Pétur Guðmundsson | Hvammi |

**Hvalfjarðardeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jóhanna Hreinsdóttir | Káraneskoti |
| | Haraldur Magnússon | Belgsholti |
| Varafulltr.: | Finnur Pétursson | Káranesi II |
| | Friðjón Guðmundsson | Hóli |

**Borgarfjarðardeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jón Gíslason | Lundi 1 |
| | Birna Hauksdóttir | Skáney |
| Varafulltr.: | Þorvaldur Jónsson | Brekkukoti |
| | Lárus Pétursson | Hvanneyri |

**Snæfells- og Mýradeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Pétur Diðriksson | Helgavatni |
| | Laufey Bjarnadóttir | Stakkhamri |
| | Guðný Jakobsdóttir | Syðri-Knarrartungu |
| | Jón Svavar Þórðarson | Ölkeldu III |
| Varafulltr.: | Þórir Finnsson | Hóli |
| | Kristján Þórðarson | Ölkeldu III |
| | Halldór Gunnlaugsson | Hundastapa |

**Breiðafjarðardeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Hörður Grímsson | Tindum |
| | Sigmundur H. Sigmundsson | Látrum |
| | Gústaf Jökull Ólafsson | Miðjanesi |
| | Bára Sigurðardóttir | Lyngbrekku |
| Varafulltr.: | Þorgrímur Guðbjartsson | Erpsstöðum |
| | Jón Egill Jóhannsson | Skerðingsstöðum |
| | Erla Reynisdóttir | Mýrartungu |
| | Björn Birkisson | Botni |

# Stjórn Auðhumlu



**Formaður**
Egill Sigurðsson, Berustöðum

**Varaformaður**
Erlingur Teitsson, Brún

**Ritari**
Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum

**Meðstjórnendur**
Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum
Jóhannes Torfason, Torfalæk II
Jóhannes Ævar Jónsson, Espihóli
Arnar B. Eiríksson, Gunnbjarnarholti

**Varamenn**
Pétur Diðriksson, Helgavatni
Björn Harðarson, Holti
Stefán Magnússon, Fagraskógi

**Skoðunarmenn**
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I
Gunnar Sverrisson, Hrosshaga

**Varaskoðunarmenn**
Geir Árdal, Dæli
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum

**Forstjóri**
Einar Sigurðsson

## Starfssvæði Auðhumlu




Starfssvæðið

**Vestur-Húnaþingsdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Valgerður Kristjánsdóttir | Mýrum III |
| | Gísli G. Magnússon | Staðarbakka |
| Varafulltr.: | Guðný Helga Björnsdóttir | Bessastöðum |
| | Ólöf Ólafsdóttir | Tannstaðabakka |

**Austur-Húnaþingsdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jóhannes Torfason | Torfalæk II |
| | Gróa Lárusdóttir | Brúsastöðum |
| | Jón Gíslason | Stóra-Búrfelli |
| Varafulltr.: | Jens Jónsson | Brandaskarði |
| | Linda B. Ævarsdóttir | Steinnýjarstöðum |
| | Pálmi Þ. Ingimarsson | Árholti |

**Norðausturdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Stefán Magnússon | Fagraskógi |
| | Hávar Sigtryggsson | Hriflu |
| | Elín M. Stefánsdóttir | Fellshlíð |
| | Erlingur Teitsson | Brún |
| | Geir Árdal | Dæli |
| | Gunnhildur Gylfadóttir | Steindyrum |
| | Gunnsteinn Þorgilsson | Sökku |
| | Jóhannes Ævar Jónsson | Espihóli |
| | Laufey Skúladóttir | Stóru-Tjörnum |
| | Leifur Guðmundsson | Klauf |
| | Sif Jónsdóttir | Laxamýri |
| | Sigurgeir Hreinsson | Hrísshóli |
| | Sigurgeir Pálsson | Sigtúnum |
| | Sveinbjörn Sigurðsson | Búvöllum |
| Varafulltr.: | Trausti Þórisson | Hofsá |
| | Aðalsteinn Hallgrímsson | Garði |
| | Benjamín Baldursson | Ytri-Tjörnum |
| | Þorsteinn Rútsson | Þverá |
| | Aðalsteinn Heiðmann Hreinsson | Auðnum |

Alls 59 fulltrúar

# Verðlaunahafar 2011



Verðlaunahafar í Rangárvallasýslu ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Flóa- og Ölfusdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Ólafur Helgason í Hraunkoti var með hæstu meðalnyt árskúa, 8.340 kg, sem er Íslandsmet. Einnig var afurðahæsta kýrin frá Hraunkoti, mjólkaði 12.144 kg á árinu 2011.



Verðlaunahafar í Uppsveitadeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Norðausturdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Akureyri.

| Innl.númer | Nafn | Heimili | Deild |
|---|---|---|---|
| 10011 | Sigurbjörn Árnason | Þingmúla | Austurlandsdeild |
| 10234 | Óskar Gunnlaugsson | Berufirði II | Austurlandsdeild |
| 10237 | Steinþór Björnsson | Hvannabrekku | Austurlandsdeild |
| 13505 | Hulda Steinunn Sigurðardóttir | Stapa | Austur Skaftafellsdeild |
| 13523 | Hestgerði ehf. | Hestgerði | Austur Skaftafellsdeild |
| 20110 | Lilja María Gísladóttir | Króki | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20127 | Gerðabúið ehf. | Gerðum | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20216 | Félagsbúið | Kolsholti | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20225 | Hellisbúið ehf. | Kolsholtshelli | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20238 | Hurðarbaksbúið ehf. | Hurðarbaki | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20304 | Ketill Ágústsson | Brúnastöðum | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20511 | Ólafur Ingi Sigurmundsson/Anna Gísladóttir | Eyði-Sandvík | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20605 | Fossi ehf. | Fossi | Uppsveitadeild |
| 20608 | Samúel J. Eyjólfsson/Þórunn Andrésdóttir | Bryðjuholti | Uppsveitadeild |
| 20618 | Gunnar Kr. Eiríksson | Túnsbergi | Uppsveitadeild |
| 20705 | Félagsbúið | Efri-Brúnavöllum | Uppsveitadeild |
| 20931 | Stúfholt ehf. | Stúfholti | Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpárd. |
| 20937 | Gunnar Guttormsson | Marteinstungu | Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpárd. |
| 20948 | Kristinn og Elín | Þverlæk | Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpárd. |
| 22033 | Axel Sveinbjörnsson/Silja Ágústsdóttir | Hólmum | Landeyjadeild |
| 22116 | Sigríður Valdimarsdóttir | Álfhólum | Landeyjadeild |
| 22218 | Félagsbúið Skaftholti | Skaftholti | Uppsveitadeild |
| 30019 | Vigfús Pétursson | Hægindi | Borgarfjarðardeild |
| 30022 | Þorvaldur Jónsson | Brekkukoti | Borgarfjarðardeild |
| 30332 | Jónas S. Valdimarsson | Rauðanesi I | Snæfells- og Mýradeild |
| 30459 | Haukur Gunnlaugsson/Hrefna Hreiðarsdóttir | Hrauntúni | Snæfells- og Mýradeild |
| 33204 | Ásmundur Guðmundsson | Arkarlæk | Hvalfjarðardeild |
| 40116 | Kristján Högni Jónsson | Ós | Breiðafjarðardeild |
| 46277 | Guðrún Skarphéðinsdóttir | Kringlu | Breiðafjarðardeild |
| 46908 | Margrét Guðbjartsdóttir | Miklagarði | Breiðafjarðardeild |
| 47226 | Félagsbúið | Stað | Breiðafjarðardeild |
| 49234 | Finnbogi S. Kristjánsson | Breiðalæk | Breiðafjarðardeild |
| 50580 | Friðgeir Jónasson | Blöndudalshólum | Austur-Húnaþingsdeild |
| 51521 | Pálmi Ingimarsson | Árholti | Austur-Húnaþingsdeild |
| 52550 | Jens Jónsson | Brandaskarði | Austur-Húnaþingsdeild |
| 52570 | Steinar Kristjánsson | Steinnýjarstöðum | Austur-Húnaþingsdeild |
| 52771 | Baldvin Sveinsson | Tjörn | Austur-Húnaþingsdeild |
| 58511 | Pétur Sigurvaldason | Neðri-Torfustöðum | Vestur-Húnaþingsdeild |
| 58613 | Ásgeir Sverrisson | Brautarholti | Vestur-Húnaþingsdeild |
| 60003 | Jóhann Tryggvason | Vöglum | Norðausturdeild |
| 60013 | Kristín S. Hermannsdóttir | Merkigili | Norðausturdeild |
| 60089 | Félagsbúið | Villingadal | Norðausturdeild |
| 60094 | Rifkelsstaðir 2 ehf. | Rifkelsstöðum 2 | Norðausturdeild |
| 60100 | Sigurgeir Pálsson | Sigtúnum | Norðausturdeild |
| 60102 | Gamla Klauf ehf. | Klauf | Norðausturdeild |
| 60106 | Benjamín Baldursson | Ytri-Tjörnum | Norðausturdeild |
| 60159 | Pétur Friðriksson | Gautsstöðum | Norðausturdeild |
| 60217 | Dagverðareyri ehf. | Dagverðareyri | Norðausturdeild |
| 60227 | Jón Viðar Þorsteinsson | Brakanda | Norðausturdeild |
| 60327 | Þorsteinn Rútsson | Þverá | Norðausturdeild |
| 60440 | Gunnsteinn Þorgilsson | Sökku | Norðausturdeild |
| 60490 | Sveinn Kjartan Sverrisson | Melum | Norðausturdeild |
| 60509 | Gunnlaugur Sigurðsson | Klaufabrekkum | Norðausturdeild |
| 60518 | Urðarbúið | Urðum | Norðausturdeild |
| 60613 | Félagsbúið | Böðvarsnesi | Norðausturdeild |
| 68034 | Vogabú ehf. | Vogum 1 | Norðausturdeild |
| 68119 | Hallgrímur Þorgilsson | Daðastöðum | Norðausturdeild |
| 68234 | Sveinbjörn Þór Sigurðsson | Búvöllum | Norðausturdeild |
| 68274 | Félagsbúið Hjarðarbóli | Hjarðarbóli | Norðausturdeild |
| 68311 | Helgi Hallsson | Kálfborgará | Norðausturdeild |
| 68333 | Ólafur Ólafsson | Bjarnarstöðum | Norðausturdeild |
| 68354 | Ingvar Ketilsson | Halldórsstöðum | Norðausturdeild |
| 68400 | Ólafur Haraldsson | Fljótsbakka | Norðausturdeild |
| 68408 | Öxará rekstrarfélag ehf. | Öxará | Norðausturdeild |
| 68425 | Félagsbúið | Lækjamóti | Norðausturdeild |
| 68454 | Flosi Gunnarsson | Hrafnsstöðum | Norðausturdeild |
| 68472 | Baldvin Einarsson | Engihlíð | Norðausturdeild |
| 68568 | Sigtryggur Garðarsson | Reykjavöllum | Norðausturdeild |
| 68596 | Félagsbúið Laxamýri | Laxamýri | Norðausturdeild |
| 68620 | Steinþór Heiðarsson | Ytri-Tungu | Norðausturdeild |

Fjöldi: 70

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar: Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins 2011. Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að beint meðaltal líftölu sé jafnt eða minna en 25 þús., faldmeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þús., að engar lyfjaleifar finnist í mánuðinum og faldmeðaltal frírra fitusýra sé jafnt eða minna en 1,1 mmol/l.

# Mjólkursamsalan ehf. 2011





**Stjórn félagsins skipuðu:**
Egill Sigurðsson, formaður
Þórólfur Gíslason, varaformaður
Arnar Bjarni Eiríksson, meðstjórnandi
Guðrún Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi
Jóhannes Ævar Jónsson, meðstjórnandi

**Varamenn:**
Birna Þorsteinsdóttir
Erlingur Teitsson
Jóhannes Torfason
Rögnvaldur Ólafsson

**Forstjóri:**
Einar Sigurðsson

**Endurskoðendur:**
Deloitte
Halldór Arason endurskoðandi
Jón Rafn Ragnarsson endurskoðandi

**Stöðugleiki í rekstri á erfiðum tímum**

Sala á vörum MS var áfram mjög góð þrátt fyrir aðstæður í þjóðfélaginu og náði félagið markmiðum sínum um tekjur og kostnað í sölu- og markaðsstarfi. Alls voru seld 9.035 tonn af birgðavörum og 50,1 milljón lítrar af ferskvörum.

Nokkur stöðugleiki er kominn í rekstur Mjólkursamsölunnar eftir tap fyrri ára. Félagið hagnaðist um 199 milljónir króna á árinu en árið áður nam hagnaðurinn 293 milljónum króna. Þetta er 94 milljón króna lakari árangur en árið á undan. Sölutekjur jukust um 8% á milli ára en framlegð fyrir afskriftir var 59 milljónum króna minni en árið á undan og skýrist það m.a. af hærri hlutdeild mjólkurverðs í útsöluverði afurða en árið áður og að gjaldfærðar voru í rekstrinum 25 milljónir króna vegna birgða sem innihéldu iðnaðarsalt og voru innkallaðar í janúar 2012. Gengi íslensku krónunnar hafði neikvæð áhrif á erlend innkaup ásamt hækkandi orkuverði og hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu og annarri hrávöru. Áframhaldandi hagræðing í rekstri vann þó upp þessar hækkanir og rúmlega það. Breyting á gengi íslensku krónunnar hafði neikvæð áhrif á fjármagnsliði um 75 milljónir á milli áranna 2010 og 2011.

**Sala 2011**

| Flokkur | Selt magn | Innanlands | Útflutningur |
|---|---|---|---|
| Ferskvörur | 50.053 | 49.666 | 387 |
| Viðbit | 2.387 | 1.864 | 523 |
| Ostar | 5.576 | 5.444 | 133 |
| Duft | 1.305 | 680 | 625 |

Heildareignir Mjólkursamsölunnar eru 6.710 milljónir króna í árslok og er eigið fé 3.328 milljónir króna og samsvarar það 49,6% eiginfjárflutfalli.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá Mjólkursamsölunni var 394 árið 2011 og er það fækkun um fjögur stöðugildi frá fyrra ári. Starfsemin fer fram á sex starfsstöðum um land allt. Hagræðing undanfarinna ára, sameining fyrirtækja, tilflutningur framleiðslulína, fækkun starfsfólks, breyting á vinnutilhögun og flutningakerfi hafa skilað félaginu mikilli kostnaðarlækkun. Hagræðingin hefur byggt á þolinmæði, frumkvæði og þátttöku þessa mikla fjölda starfsfólks. Fyrir þetta skuldar félagið starfsfólki miklar þakkir.



# Tölulegar upplýsingar

## Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2011 umreiknuð í lítra m.v. fitu




## Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2011 umreiknuð í lítra m.v. prótein




## Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2011 umreiknuð í lítra m.v. fitu




## Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2011 umreiknuð í lítra m.v. prótein




## Mjólkurinnlegg hjá Auðhumlu

| Árið | Árið | Breyting 2011-2010 | |
|---|---|---|---|
| 2011 | 2010 | Lítrar | Hlutfall |
| 9.124.520 | 9.387.633 | -263.113 | -2,80% |
| 8.855.084 | 9.046.674 | -191.590 | -2,12% |
| 10.118.478 | 10.542.294 | -423.816 | -4,02% |
| 9.850.267 | 9.884.435 | -34.168 | -0,35% |
| 10.320.885 | 10.273.345 | 47.540 | 0,46% |
| 9.860.577 | 10.052.393 | -191.816 | -1,91% |
| 9.387.485 | 9.451.381 | -63.896 | -0,68% |
| 9.439.450 | 8.987.892 | 451.558 | 5,02% |
| 8.553.174 | 8.302.061 | 251.113 | 3,02% |
| 8.484.613 | 7.959.605 | 525.008 | 6,60% |
| 8.774.535 | 8.345.129 | 429.406 | 5,15% |
| 9.360.981 | 8.856.222 | 504.759 | 5,70% |
| 112.130.049 | 111.089.064 | 1.040.985 | 0,94% |

## Heildarmjólkurinnlegg á landinu

| Árið | Árið | Breyting 2011-2010 | |
|---|---|---|---|
| 2011 | 2010 | Lítrar | Hlutfall |
| 10.069.268 | 10.301.428 | -232.160 | -2,25% |
| 9.789.938 | 9.926.408 | -136.470 | -1,37% |
| 11.166.407 | 11.597.540 | -431.133 | -3,72% |
| 10.883.636 | 10.903.302 | -19.666 | -0,18% |
| 11.409.345 | 11.348.595 | 60.750 | 0,54% |
| 10.934.985 | 11.169.834 | -234.849 | -2,10% |
| 10.460.623 | 10.544.458 | -83.835 | -0,80% |
| 10.553.649 | 10.017.706 | 535.943 | 5,35% |
| 9.568.699 | 9.295.043 | 273.656 | 2,94% |
| 9.492.812 | 8.906.469 | 586.343 | 6,58% |
| 9.761.469 | 9.290.007 | 471.462 | 5,07% |
| 10.371.279 | 9.855.304 | 515.975 | 5,24% |
| 124.462.110 | 123.156.094 | 1.306.016 | 1,06% |

# Tölulegar upplýsingar



## Fjöldi innleggjenda í deildum 2011 og 2010

| Nafn deildar | 31/12 2011 | 31/12 2010 | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Austurlandsdeild | 26 | 28 | -2 |
| Austur-Skaftafellsdeild | 13 | 13 | 0 |
| | 39 | 41 | |
| | | | |
| Skaftárdeild | 25 | 25 | 0 |
| Mýrdalsdeild | 11 | 11 | 0 |
| Eyjafjalladeild | 21 | 21 | 0 |
| Landeyjadeild | 32 | 34 | -2 |
| Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild | 19 | 19 | 0 |
| Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild | 19 | 19 | 0 |
| Uppsveitadeild | 72 | 72 | 0 |
| Flóa- og Ölfusdeild | 42 | 42 | 0 |
| | 241 | 243 | |
| Hvalfjarðardeild | 24 | 24 | 0 |
| Borgarfjarðardeild | 21 | 21 | 0 |
| Snæfells- og Mýradeild | 41 | 42 | -1 |
| | 86 | 87 | |
| Breiðafjarðardeild | 43 | 45 | -2 |
| | | | |
| Vestur-Húnaþingsdeild | 24 | 24 | 0 |
| Austur-Húnaþingsdeild | 30 | 30 | 0 |
| Norðausturdeild | 158 | 160 | -2 |
| | 212 | 214 | |
| | | | |
| Alls Auðhumla | 621 | 630 | -9 |

## Fjöldi kúabúa miðað við greiðslumark í lok árs

| | Fjöldi kúabænda | | 2011 greiðslumark á kúabú í þús. lítrum | | | | | | 2010 greiðslumark á kúabú í þús. lítrum | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2011 | 2010 | <50 þús. | 50-100 þús. | 100-200 þús. | 200-300 þús. | >300 þús. | Meðaltal pr. kúabú | <50 þús. | 50-100 þús. | 100-200 þús. | 200-300 þús. | >300 þús. | Meðaltal pr. kúabú |
| MS Egilsstöðum | 39 | 41 | 7 | 8 | 10 | 6 | 8 | 175.164 | 9 | 8 | 10 | 6 | 8 | 168.725 |
| MS Selfossi | 243 | 243 | 14 | 40 | 100 | 60 | 29 | 179.737 | 18 | 40 | 104 | 60 | 27 | 171.161 |
| MS Reykjavík | 101 | 87 | 14 | 18 | 51 | 9 | 9 | 142.716 | 15 | 14 | 47 | 9 | 9 | 142.890 |
| MS Búðardal | 31 | 45 | 4 | 8 | 13 | 4 | 2 | 133.570 | 5 | 12 | 18 | 6 | 4 | 130.153 |
| MS Akureyri | 213 | 214 | 12 | 47 | 97 | 41 | 16 | 164.730 | 11 | 49 | 99 | 42 | 16 | 163.723 |
| Auðhumla | 627 | 630 | 51 | 121 | 271 | 120 | 64 | 166.108 | 58 | 123 | 278 | 123 | 64 | 162.240 |



# Tölulegar upplýsingar

## Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

| Heiti deildar | Meðalfita 2011 | Meðalfita 2010 | Meðalprótein 2011 | Meðalprótein 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Austurlandsdeild | 4,10 | 4,09 | 3,30 | 3,30 |
| Austur-Skaftafellsdeild | 4,06 | 4,00 | 3,27 | 3,28 |
| | | | | |
| Skaftárdeild | 3,92 | 3,95 | 3,32 | 3,30 |
| Mýrdalsdeild | 3,92 | 3,95 | 3,23 | 3,24 |
| Eyjafjalladeild | 4,08 | 4,09 | 3,29 | 3,28 |
| Landeyjadeild | 4,07 | 4,11 | 3,27 | 3,26 |
| Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild | 4,07 | 4,12 | 3,29 | 3,29 |
| Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild | 4,06 | 4,08 | 3,31 | 3,31 |
| Uppsveitadeild | 4,05 | 4,07 | 3,29 | 3,27 |
| Flóa- og Ölfusdeild | 4,09 | 4,12 | 3,33 | 3,32 |
| | | | | |
| Hvalfjarðardeild | 4,10 | 4,10 | 3,27 | 3,26 |
| Borgarfjarðardeild | 4,11 | 4,09 | 3,29 | 3,28 |
| Snæfells- og Mýradeild | 4,08 | 4,05 | 3,29 | 3,24 |
| | | | | |
| Breiðafjarðardeild | 4,11 | 4,11 | 3,28 | 3,27 |
| | | | | |
| Vestur-Húnaþingsdeild | 4,11 | 4,09 | 3,31 | 3,28 |
| Austur-Húnaþingsdeild | 4,08 | 4,11 | 3,32 | 3,31 |
| Norðausturdeild | 4,10 | 4,12 | 3,31 | 3,31 |
| | | | | |
| Auðhumla | 4,08 | 4,10 | 3,30 | 3,31 |

## Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2011

| Afurðastöðvar | Framleitt innan gr.marks | Framleitt umfram samning | Framleitt alls |
|---|---|---|---|
| Auðhumla svf | 104.047.985 | 8.082.064 | 112.130.049 |
| Mjólkursamlag KS | 11.786.983 | 545.078 | 12.332.061 |
| Samtals | 115.834.968 | 8.627.142 | 124.462.110 |

Heimild: Bændasamtök Íslands og aðildarfélög SAM

# Ársreikningur samstæðu 2011



AUÐHUMLA

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2011. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum**

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að samstæðu ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins, sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 28. mars 2012

**Deloitte ehf.**

| | |
|---|---|
| Benóní Torfi Eggertsson<br>endurskoðandi | Jón Rafn Ragnarsson<br>endurskoðandi |

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir ársreikning þennan.
Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykkta félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

**Kjörnir skoðunarmenn**

| | |
|---|---|
| Gunnar Sverrisson | Eiríkur Jónsson |

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur samstæðu Auðhumlu svf. fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2011.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður ársins 234 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi er í árslok 6.647 milljónir króna en var í ársbyrjun 6.408 milljónir króna. Á árinu störfuðu að meðaltali 394 starfsmenn hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess og námu heildarlaunagreiðslur 2.125 milljónum króna.

Inneign í stofnsjóði í árslok nemur kr. 2.523.102.369 og skiptist á milli 728 aðila en í upphafi árs á milli 760 aðila. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur kr. 32.688.160 og vextir af stofnsjóði eru kr. 67.383.068. Úr stofnsjóði eru greiddar kr. 159.656.310.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður meirihlutaeigenda á árinu, kr. 214.122.586, verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að áliti stjórnar og forstjóra Auðhumlu svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðufélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Auðhumlu svf. staðfesta hér með ársreikning samstæðufélagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2012

**Í stjórn**

Egill Sigurðsson
stjórnarformaður

| | |
|---|---|
| Birna Þorsteinsdóttir | Erlingur Teitsson |
| Jóhannes Torfason | Arnar Bjarni Eiríksson |
| Guðrún Sigurjónsdóttir | Jóhannes Ævar Jónsson |

**Forstjóri**

Einar Sigurðsson

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 19.446.126.318 | 18.025.557.059 |
| Aðrar tekjur | | 616.463.953 | 593.520.000 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (14.387.872.434) | (13.124.893.379) |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 3 | (2.642.322.415) | (2.618.225.328) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (2.054.076.481) | (1.919.870.526) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | | 978.318.941 | 956.087.826 |
| Afskriftir | 7 | (495.698.076) | (483.036.303) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 482.620.865 | 473.051.523 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 8 | 19.984.552 | 5.240.894 |
| Fjármunatekjur | 4 | 108.067.854 | 153.188.908 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (316.556.355) | (489.035.353) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 294.116.916 | 142.445.972 |
| Tekjuskattur | 6 | (60.099.760) | (28.497.222) |
| **Hagnaður ársins** | | 234.017.156 | 113.948.750 |
| **Skipting afkomu** | | | |
| Hagnaður minnihlutaeigenda | | 19.894.570 | 21.576.145 |
| Hagnaður Auðhumlu svf. | | 214.122.586 | 92.372.605 |

# Efnahagsreikningur

**Eignir**

| | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 6.301.485.605 | 6.254.312.678 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 8 | 37.977.000 | 27.604.500 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 8 | 342.777.321 | 347.192.451 |
| Fjárfestingarverðbréf | 12 | 79.996.158 | 152.422.320 |
| Skuldabréfaeign | 9 | 507.074.735 | 670.007.625 |
| Reiknuð skattinneign | 17 | 165.424.593 | 207.091.024 |
| | | 7.434.735.412 | 7.658.630.598 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 10 | 2.069.078.990 | 2.086.660.960 |
| Viðskiptakröfur | 11 | 1.573.259.177 | 1.389.384.373 |
| Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar | 9 | 146.890.060 | 219.928.656 |
| Fjárfestingarverðbréf | 12 | 64.020.264 | 106.808.086 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 198.257.425 | 200.459.178 |
| Handbært fé | 11 | 400.134.152 | 376.700.534 |
| | | 4.451.640.068 | 4.379.941.787 |
| **Eignir** | | 11.886.375.480 | 12.038.572.385 |

# 31. desember 2011

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 13 | | |
| Stofnsjóður | | 2.523.102.369 | 2.582.687.451 |
| Lögbundinn varasjóður | | 192.780.071 | 168.683.320 |
| Óráðstafað eigið fé | | 3.599.017.128 | 3.434.714.999 |
| Eigið fé meirihlutaeigenda | | 6.314.899.568 | 6.186.085.770 |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga | | 332.395.380 | 221.521.387 |
| **Eigið fé** | | 6.647.294.948 | 6.407.607.157 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 14 | 1.454.796.836 | 845.874.977 |
| Aðrar langtímaskuldir | 14 | 448.042.971 | 541.376.894 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 15 | 169.894.379 | 120.490.363 |
| Lífeyrisskuldbinding | 16 | 274.880.631 | 325.470.290 |
| | | 2.347.614.817 | 1.833.212.524 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 18 | 1.289.229.333 | 1.229.344.675 |
| Skuldir við lánastofnanir | 18 | 860.277.283 | 1.025.003.849 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 18 | 332.326.507 | 1.142.410.638 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 18 | 409.632.592 | 400.993.542 |
| | | 2.891.465.715 | 3.797.752.704 |
| **Skuldir** | | 5.239.080.532 | 5.630.965.228 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 11.886.375.480 | 12.038.572.385 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 482.620.865 | 473.051.523 |
| Afskriftir | 7 | 495.698.076 | 483.036.303 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | (3.584.434) | (8.444.344) |
| Lífeyrisskuldbinding, lækkun | 16 | (50.589.659) | (18.700.800) |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 924.144.848 | 928.942.682 |
| Vörubirgðir, lækkun, (hækkun) | 10 | 17.581.970 | (6.274.908) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, hækkun | | (181.424.796) | (9.068.256) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun) | | 56.030.703 | (13.789.231) |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 816.332.725 | 899.810.287 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 71.178.427 | 76.499.230 |
| Greiddir vextir | | (218.318.502) | (319.131.447) |
| Greiddir skattar | | (4.997.259) | 0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 664.195.392 | 657.178.070 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| (Fjárfest) sala í varanlegum rekstrarfjármunum | 7 | (539.286.569) | (273.317.803) |
| (Fjárfest) sala í eignarhlutum | | 0 | (300.000) |
| Skuldabréfaeign, verðbréfaeign og önnur félög, breyting | | 394.683.419 | 625.722.374 |
| | | (144.603.150) | 352.104.571 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skammtímalán, lækkun | | 0 | (1.189.827) |
| Skuldir við lánastofnanir, lækkun | | (164.726.566) | (469.455.489) |
| Nýjar langtímaskuldir | 14 | 841.234.761 | 42.754.616 |
| Afborganir langtímaskulda | 14 | (1.161.007.537) | (258.932.497) |
| Innborgað minnihlutaeigandi | 13 | 119.000.000 | 0 |
| Inntökugjöld | 13 | 202.715 | 187.974 |
| Tillag í stofnsjóð | 13 | 32.688.160 | 29.610.104 |
| Útborgun úr stofnsjóði | 13 | (159.656.310) | (194.365.323) |
| | | (492.264.778) | (851.390.443) |
| Hækkun handbærs fjár | | 27.327.464 | 157.892.198 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 376.700.534 | 225.581.249 |
| Gengismunur erlendra innstæðna | | (3.893.846) | (6.772.913) |
| Handbært fé í lok árs | | 400.134.152 | 376.700.534 |
| **Aðrar upplýsingar** | | | |
| Veltufé frá rekstri | 21 | 772.007.515 | 732.669.499 |

# Skýringar

**1. Starfsemi**

Auðhumla svf. er samvinnufélag í eigu mjólkurframleiðenda á félagssvæði sínu. Félagið er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Tilgangur félagsins skv. samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Þá er félaginu heimilt að reka aðra starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

**2. Reikningsskilaaðferðir**

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

**Mat og ákvarðanir**

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

**Samstæða**
Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra. Ársreikningurinn er samstæðureikningur Auðhumlu svf. og dótturfélaga. Þau eru Mjólkursamsalan ehf., sem er í 90,1% eigu félagsins, Grýta ehf., Bitruháls ehf. og Kostur ehf. sem eru í 100% eigu Auðhumlu. Þessi félög hafa öll starfsemi með höndum. Þá nær reikningurinn til Mjólkurbús Flóamanna ehf. og Norðurmjólkur ehf. sem eru ekki í rekstri en í 100% eigu Auðhumlu.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki, sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100%, er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

**Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum**
Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

**Áhættustjórnun**
Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá samstæðunni.

**Skráning tekna**
Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

**Leigusamningar**
Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

**Erlendir gjaldmiðlar**
Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur, sem myndast, er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | 2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Evra (EUR) | 161,87 | 162,34 | 159,28 | 154,23 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 116,34 | 122,33 | 123,00 | 115,32 |
| Sterlingspund (GBP) | 186,46 | 189,01 | 189,89 | 178,90 |
| Dönsk króna (DKK) | 21,73 | 21,80 | 21,43 | 20,70 |
| Norsk króna (NOK) | 20,76 | 20,27 | 20,46 | 19,73 |
| Sænsk króna (SEK) | 17,93 | 17,01 | 17,84 | 17,21 |
| Svissneskur franki (CHF) | 131,56 | 117,56 | 131,02 | 123,25 |
| Japanskt jen (JPY) | 1,4625 | 1,3967 | 1,5899 | 1,4184 |

**Fjármagnskostnaður**
Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**Tekjuskattur**
Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**
Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega. Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

**Birgðir**
Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

**Verðbréf**
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga, eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

# Skýringar

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingarverðbréf. Fjárfestingarverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingarverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

**Langtímaskuldir**
Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

**Skuldbindingar**
Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Laun | 2.125.109.115 | 2.061.471.265 |
| Lífeyrissjóður | 210.434.310 | 204.225.041 |
| Önnur launatengd gjöld | 246.113.337 | 271.206.755 |
| Annar starfsmannakostnaður | 60.665.653 | 81.322.267 |
| | 2.642.322.415 | 2.618.225.328 |
| Meðalfjöldi starfa | 394 | 403 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda samstæðunnar á árinu 2011 námu 80,6 milljónum króna en námu 76,9 milljónum króna á árinu 2010.

### 4. Fjármunatekjur

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 9.256.559 | 8.422.008 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign | 71.929.043 | 73.308.888 |
| Arður af hlutabréfaeign | 177.658 | 0 |
| Gengishagnaður | 0 | 51.860.754 |
| Verðbreytingar á fjárfestingarverðbréfum | 5.166.331 | 5.375.904 |
| Vaxtatekjur af viðskiptakröfum | 21.287.563 | 13.653.180 |
| Aðrar vaxtatekjur | 250.700 | 568.174 |
| | 108.067.854 | 153.188.908 |

### 5. Fjármagnsgjöld

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir | (62.449.214) | (145.563.227) |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | (168.124.537) | (181.199.241) |
| Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum | (15.616.912) | (17.146.185) |
| Höfuðstólslækkun erlendra lána | 0 | 7.399.207 |
| Gengistap | (40.420.216) | 0 |
| Niðurfærsla hlutabréfa | (3.527.182) | (88.000.000) |
| Tap og breyting niðurfærslu vegna fjárfestingarverðbréfa | (5.283.618) | (49.595.482) |
| Önnur vaxtagjöld | (21.134.676) | (14.930.425) |
| | (316.556.355) | (489.035.353) |

**6. Tekjuskattur**

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 60 milljónum króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2012 þar sem samstæðan á yfirfæranlegt skattalegt tap.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 2011 Fjárhæð | 2011 % | 2010 Fjárhæð | 2010 % |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir skatta | 294.116.916 | | 142.445.972 | |
| Skatthlutfall | (58.823.383) | 20,0% | (25.640.275) | 18,0% |
| Breyting á tekjuskattshlutfalli | 0 | 0,0% | 13.033.214 | 9,1% |
| Niðurfærsla hlutabréfaeignar | 0 | 0,0% | (17.600.000) | -12,4% |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 3.996.910 | 1,4% | 943.361 | 0,7% |
| Aðrir liðir | (5.273.288) | -1,8% | 766.478 | 0,5% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | (60.099.760) | -20,4% | (28.497.222) | -20,0% |

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og lóðir | Verksmiðju- vélar og tæki | Bifreiðir og flutningstæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 8.374.369.966 | 7.299.359.204 | 929.571.633 | 16.603.300.803 |
| Eignfært á árinu | 30.107.112 | 300.131.194 | 217.198.261 | 547.436.567 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | (29.490.591) | (29.490.591) |
| Staða í árslok | 8.404.477.078 | 7.599.490.398 | 1.117.279.303 | 17.121.246.779 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 4.709.524.793 | 5.100.470.365 | 538.992.968 | 10.348.988.125 |
| Afskrift ársins | 124.977.331 | 278.251.180 | 92.469.563 | 495.698.074 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | (24.925.025) | (24.925.025) |
| Staða í árslok | 4.834.502.124 | 5.378.721.545 | 606.537.506 | 10.819.761.174 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 3.664.845.173 | 2.198.888.840 | 390.578.666 | 6.254.312.678 |
| Bókfært verð í árslok | 3.569.974.954 | 2.220.768.854 | 510.741.798 | 6.301.485.605 |
| Áætlaðar meðaleftirstöðvar eigna | 28 ár | 10 ár | 6 ár | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátryggingamat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 7.120.307.000 | 13.879.545.000 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | | 14.504.749.000 |
| Rekstrarstöðvunartrygging | | 3.734.808.000 |

Samstæðan hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 1.920 milljónum króna og eftirstöðvar áhvílandi lána nema 1.578 milljónum króna.

**8. Eignarhlutar í félögum**

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð | |
|---|---|---|---|---|
| | | | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| **Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum** | | | | |
| Hollt og gott ehf. | 50,00% | 8.000.000 | 37.977.000 | 27.604.500 |
| | | | 37.977.000 | 27.604.500 |
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | | | |
| **Sameignarfélög með ótakmarkaða ábyrgð eigenda** | | | | |
| Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf. | 90,70% | 0 | 23.594.146 | 23.982.097 |
| **Hlutafélög og einkahlutafélög** | | | | |
| Fóðurblandan hf. | 20,00% | 147.054.000 | 306.178.594 | 306.178.594 |
| Sero ehf. | 21,90% | 275.000 | 0 | 0 |
| Vilko ehf. | 14,83% | 4.894.806 | 5.384.287 | 10.011.468 |
| Ámundakinn ehf. | 2,26% | 2.657.700 | 3.124.640 | 3.124.640 |
| Greið leið ehf. | 13,61% | 600.000 | 600.000 | 0 |
| Vottunarstöðin Tún hf. | 5,40% | 500.000 | 500.000 | 500.000 |
| Norðurvegur ehf. | 2,66% | 450.000 | 0 | 0 |
| Matgæði ehf. | 0,04% | 150.000 | 150.000 | 150.000 |
| Selasetur Íslands ehf. | 1,50% | 50.000 | 0 | 0 |
| Matvælageymslan ehf. | 100,00% | 300.000 | 300.000 | 300.000 |
| **Samvinnuhlutabréf** | | | | |
| Sláturfélag Suðurlands svf. B-deild | 1,04% | 2.080.000 | 2.080.000 | 2.080.000 |
| Kaupfélag Árnesinga svf. B-deild | 3,98% | 4.100.000 | 820.000 | 820.000 |
| **Annað** | | | | |
| Stofnsjóður Samvinnutrygginga | Óveruleg | | 45.653 | 45.653 |
| | | | 342.777.321 | 347.192.451 |

### 9. Skuldabréfaeign

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Verðtryggð bréf, vegnir vextir 4,8% | 591.910.928 | 803.159.219 |
| Óverðtryggð bréf, vegnir vextir 8,3% | 94.211.727 | 120.327.062 |
| | 686.122.655 | 923.486.281 |
| Niðurfærsla vegna skuldabréfaeigna sem kunna að tapast | (32.157.860) | (33.550.000) |
| | 653.964.795 | 889.936.281 |
| Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar | (146.890.060) | (219.928.656) |
| | 507.074.735 | 670.007.625 |

### Afborganir skuldabréfaeignar

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Afborganir 2012/2011 | 146.890.060 | 219.928.656 |
| Afborganir 2013/2012 | 185.417.485 | 157.973.561 |
| Afborganir 2014/2013 | 104.754.421 | 192.706.383 |
| Afborganir 2015/2014 | 84.173.947 | 111.141.172 |
| Afborganir 2016/2015 | 64.371.619 | 91.142.918 |
| Afborganir síðar | 68.357.263 | 117.043.591 |
| | 653.964.795 | 889.936.281 |

### 10. Vörubirgðir

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Fullunnar vörur | 1.333.127.329 | 1.299.221.872 |
| Hráefni | 176.322.522 | 217.435.428 |
| Umbúðir | 483.516.678 | 506.311.734 |
| Aðrar vörur | 76.112.460 | 63.691.925 |
| | 2.069.078.990 | 2.086.660.960 |
| Tryggingaverðmæti birgða | 2.881.441.000 | 2.861.687.000 |

Á birgðum og viðskiptakröfum hvíla samhliða veð að fjárhæð 1.451 milljón króna vegna skammtímaskulda við lánastofnanir að fjárhæð 860 milljónir króna.

## 11. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 1.581.893.375 | 1.503.565.669 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 59.748.090 | 31.212.474 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (68.382.288) | (145.393.770) |
| | 1.573.259.177 | 1.389.384.373 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 145.393.770 | 137.591.200 |
| Tapaðar kröfur á árinu 2011/2010 | (66.800.500) | (13.572.719) |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (10.210.982) | 21.375.289 |
| Staða í árslok | 68.382.288 | 145.393.770 |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

### Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 183.836.009 | 188.143.286 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 3.372.843 | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | 6.590.299 | 6.750.785 |
| Óinnheimt vörugjöld | 3.584.258 | 4.321.562 |
| Aðrar kröfur | 874.016 | 1.243.545 |
| | 198.257.425 | 200.459.178 |

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 390.754.020 | 371.781.630 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 8.043.850 | 4.885.611 |
| Sjóður | 1.336.282 | 33.293 |
| | 400.134.152 | 376.700.534 |

**12. Fjárfestingarverðbréf**

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 259.230.406 | 556.680.952 |
| Innborgað á árinu | (115.096.697) | (253.230.968) |
| Niðurfærsla verðbréfaeignar | (5.283.618) | (49.595.482) |
| Verðbreytingar og sölutap | 5.166.331 | 5.375.904 |
| | 144.016.422 | 259.230.406 |
| Yfirfært á fastafjármuni | (79.996.158) | (152.422.320) |
| Staða í árslok | 64.020.264 | 106.808.086 |

| **Fjárfestingarverðbréf - fastafjármunir** | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Langtímaskuldabréf | 66.223.084 | 70.850.404 |
| Gjaldfallnar veðkröfur | 116.500.000 | 192.400.000 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (102.726.926) | (110.828.084) |
| | 79.996.158 | 152.422.320 |

| **Fjárfestingarverðbréf - veltufjármunir** | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Hlutabréf og hlutabréfasjóðir | 1.255.175 | 5.797.774 |
| Skuldabréf og skuldabréfasjóðir | 66.669.770 | 21.904.062 |
| Innlánsreikningar í fjárvörslu | 0 | 82.381.697 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (3.904.681) | (3.275.448) |
| | 64.020.264 | 106.808.086 |

**13. Eigið fé**

| | Stofnsjóður | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2010 | 2.656.140.215 | 159.446.059 | 3.426.293.529 | 199.945.241 | 6.441.825.045 |
| Tillag í stofnsjóð | 29.610.104 | | | | 29.610.104 |
| Útborgun úr stofnsjóði | (194.365.323) | | | | (194.365.323) |
| Inntökugjöld | | | 187.974 | | 187.974 |
| Vextir af stofnsjóði | 91.302.454 | | (91.302.454) | | 0 |
| Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta | | | 16.400.608 | | 16.400.608 |
| Hagnaður ársins | | | 92.372.605 | 21.576.145 | 113.948.750 |
| Innborgun minnihluta | | 9.237.261 | (9.237.261) | | 0 |
| Eigið fé 1.1.2011 | 2.582.687.451 | 168.683.320 | 3.434.714.999 | 221.521.387 | 6.407.607.157 |
| Innborgað hlutafé dótturfélags | | | 28.020.576 | 90.979.424 | 119.000.000 |
| Tillag í stofnsjóð | 32.688.160 | | | | 32.688.160 |
| Útborgun úr stofnsjóði | (159.656.310) | | | | (159.656.310) |
| Inntökugjöld | | | 202.715 | | 202.715 |
| Vextir af stofnsjóði | 67.383.068 | | (67.383.068) | | 0 |
| Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta | | | 13.436.071 | | 13.436.071 |
| Hagnaður ársins | | | 214.122.586 | 19.894.570 | 234.017.156 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | 24.096.751 | (24.096.751) | | 0 |
| Eigið fé 31.12.2011 | 2.523.102.369 | 192.780.071 | 3.599.017.128 | 332.395.380 | 6.647.294.948 |

**14. Langtímaskuldir**

| | Skuldir við lánastofnanir | | Aðrar langtímaskuldir | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Skuldir í EUR | 0 | 0 | 210.722.025 | 253.844.227 |
| Skuldir í SEK | 0 | 0 | 346.914.419 | 391.330.117 |
| Skuldir í ISK, óverðtryggðar | 688.333.335 | 872.748.067 | 0 | 0 |
| Skuldir í ISK, verðtryggðar | 890.078.020 | 948.738.912 | 0 | 0 |
| | 1.578.411.355 | 1.821.486.979 | 557.636.444 | 645.174.344 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (123.614.519) | (975.612.002) | (109.593.473) | (103.797.450) |
| Langtímaskuldir í árslok | 1.454.796.836 | 845.874.977 | 448.042.971 | 541.376.894 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir | Aðrar langtímaskuldir |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 123.614.519 | 109.593.473 |
| Afborganir 2013 | 111.008.483 | 116.542.738 |
| Afborganir 2014 | 111.421.245 | 102.167.186 |
| Afborganir 2015 | 111.854.692 | 103.291.989 |
| Afborganir 2016 | 112.309.861 | 60.741.512 |
| Afborganir síðar | 1.008.202.555 | 65.299.545 |
| | 1.578.411.355 | 557.636.444 |

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir, óverðtryggðar | 6,70% | 8,25% |
| Skuldir við lánastofnanir, verðtryggðar | 4,91% | 5,11% |
| Aðrar langtímaskuldir, erlendar | 3,26% | 3,01% |

**15. Fjármögnunarleigusamningar**

| | Ógjaldfallnar leigugreiðslur | | Núvirtar eftirstöðvar | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Greiðslur á næsta reikningsári | 112.016.461 | 73.116.282 | 99.118.515 | 63.001.184 |
| Greiðslur á öðru reikningsári og síðar | 183.609.517 | 130.400.211 | 169.894.379 | 120.490.363 |
| | 295.625.978 | 203.516.493 | 269.012.894 | 183.491.547 |
| Framtíðarvaxtagjöld | (26.613.084) | (20.024.946) | | |
| Núvirtar eftirstöðvar | 269.012.894 | 183.491.547 | | |

**16. Lífeyrisskuldbinding**

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna félagsins. Miðað við 3,5% vexti er núvirði lífeyrirsskuldbindingarinnar 275 milljónir króna og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Lækkun skuldbindingar á árinu, 51 milljón króna, er færð til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda. Samkvæmt útreikningum á lífeyrisskuldbindingunni ná greiðslur á henni allt til ársins 2030.

**17. Frestaður skattur**

| | Reiknuð skattinneign |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 207.091.024 |
| Tekjuskattsáhrif samsköttunar, stofnsjóðsvaxta og inntökugjalds | 13.436.071 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2011 | (55.102.502) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2012 | 0 |
| Staða í árslok | 165.424.593 |

**Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:**

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (296.002.867) |
| Fjárfestingarverðbréf | 25.597.970 |
| Birgðir, viðskiptakröfur og skammtímaskuldir | 3.391.104 |
| Lífeyrisskuldbinding | 68.490.270 |
| Áhrif af yfirfæranlegu tapi | 363.948.116 |
| | 165.424.593 |

**Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| Frá hagnaði áranna 2012 - 2018 | 520.364.932 |
| Frá hagnaði áranna 2012 - 2019 | 844.946.765 |
| Frá hagnaði áranna 2012 - 2020 | 319.216.477 |
| Frá hagnaði áranna 2012 - 2021 | 135.212.408 |
| | 1.819.740.582 |

### 18. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 499.355.887 | 444.177.646 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 58.783.204 | 48.453.493 |
| Framleiðendur | 731.090.242 | 736.713.536 |
| | 1.289.229.333 | 1.229.344.675 |

**Skuldir við lánastofnanir**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Hlaupareikningslán | 460.277.283 | 625.003.849 |
| Skammtímalán við banka | 400.000.000 | 400.000.000 |
| | 860.277.283 | 1.025.003.849 |

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Hlaupareikningslán | 6,40% | 8,80% |
| Skammtímalán við banka | 6,40% | 8,80% |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 123.614.519 | 975.612.002 |
| Aðrar langtímaskuldir | 109.593.473 | 103.797.450 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 99.118.515 | 63.001.186 |
| | 332.326.507 | 1.142.410.638 |

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 16.052.198 | 10.149.032 |
| Ógreitt áfallið orlof starfsmanna | 173.008.903 | 159.923.969 |
| Fyrirfram innheimtir vextir | 806.242 | 1.267.831 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 158.404.196 | 147.138.156 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 13.979.869 | 12.954.361 |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | 13.476.640 | 16.434.479 |
| Aðrar skuldir | 33.904.544 | 53.125.714 |
| | 409.632.592 | 400.993.542 |

**19. Ábyrgðir og önnur mál**

Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess sem voru að eftirstöðvum 2.996 milljónum króna í árslok 2011.

**20. Samþykki ársreiknings**

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 28. mars 2012.

**21. Sjóðstreymisyfirlit**

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 234.017.156 | 113.948.750 | (492.463.079) | (791.931.174) |
| Afskriftir | 495.698.076 | 483.036.303 | 548.353.602 | 666.700.122 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | 61.348.426 | 94.078.731 | 92.813.394 | 183.522.089 |
| Aðrar breytingar | (19.056.144) | 41.605.715 | (146.454.736) | (133.706.070) |
| **Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar)** | 772.007.515 | 732.669.499 | 2.249.181 | (75.415.033) |
| Breyting á: | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | (163.842.826) | (19.017.958) | (199.124.900) | (287.964.439) |
| Rekstrartengdum skuldum | 56.030.703 | (56.473.472) | (31.645.527) | 410.589.175 |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | 664.195.392 | 657.178.070 | (228.521.246) | 47.209.703 |



AUÐHUMLA